

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgarbyggð
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 28. janúar 2019
UST201812-172/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010 - 2022 - Skotæfingasvæði – í landi Hamars

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar er barst 21. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022, en tillagan felst í því að 16,7 ha svæði í landi Hamars er breytt úr landnotkunarflokknum landbúnaður í opið svæði til sérstakra nota (O) – íþróttasvæði. Í greinargerð tillögunnar kemur fram að á svæðinu er gert ráð fyrir skotæfingasvæði. Einnig kemur fram að austurmörk fólkvangs í Einkunnum liggur í 150 m fjarlægð þar sem þau eru næst vesturmörkum skotsvæðisins.

Fólkvangar

Í gr. 52 í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er fjallað um fólkvanga: „*Að frumkvæði hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga og að fengnu álitum Umhverfisstofnunar er heimilt að friðlýsa landsvæði til útivistar og almenningsnota sem fólkvang. Skal verndun svæðisins miða að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.*

Umhverfisstofnun annast undirbúning stofnunar fólkvangs í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög.“

Náttúruminjar

Eins og fram hefur komið er fólkvangurinn Einkunnir í 150 m fjarlægð frá áætluðu skotsvæði þar sem styst er. Einkunnir voru friðlýstar sem fólkvangur árið 2006.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda jarðmyndanir og votlendi í þágu útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu fyrir almenning. Með friðlýsingunni er m.a. stuðlað að varðveislu jarðfræðilegrar fjölbreytni.

Einkunnir eru klettaborgir umkringdar mýrlendi en þar eru einnig stöðuvatn, tjörn og lækir. Skógrækt hefur lengi verið stunduð á svæðinu og er skógur þar nú vöxtulegur.

Nafn svæðisins, Einkunnir, kemur fyrir í Egilssögu. Nálægð við þéttbýli og gott aðgengi gerir svæðið ákjósanlegt til fræðslu og útikennslu.

Almenningi er heimil för um svæðið sé góðrar umgengni gætt. Óheimilt er að hrófla við gróðri og jarðmyndunum eða trufla dýralíf. Búfjárbætur og meðferð skotvopna er bönnuð. Fólkvangar eru friðlýstir að frumkvæði sveitarfélaga. Priggja manna nefnd skipuð af

bæjarstjórn Borgarbyggðar fer með umsjón svæðisins samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun. Gróðursetning trjáa og grisjun skógarins er í umsjón Skógræktarfélags Borgarfjarðar. Stærð fólkvangsins er 265,9 ha.

Starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis

Umhverfisstofnun bendir á að í grein 54 í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd er fjallað um framkvæmdir utan friðlýstra svæða sem geta haft áhrif á verndargildi friðlýstra svæða. Þar segir: „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*“

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdir sem fram koma í ofangreindri áætlun eru þar með leyfisskyldar hjá Umhverfisstofnun.

Hljóðmælingar

Í umsögn Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi á áætluðu skotæfingasvæði í landi Hamars kom fram að stofnunin teldi að kanna ætti hvort ástæða væri til að færa skotsvæðið fjær Fólkvangnum Einkunnum ef aðgerðir til að draga úr hljóðmengun reynist ónógar.

Í skýrslu yfir hljóðmælingar kemur fram að sænskar viðmiðunarkröfur eru notaðar. Einnig kemur fram að hæsta leyfilega hljóðstig frá skotæfingasvæðum er >60 – 65. Athygli vekur að í skýrslunni kemur fram að hámarkshljóðstig hefur gildið 69 við Álatjörn sem er inni á fólkvangnum. Einnig kemur fram í skýrslunni að mæling við Álatjörn er yfir mörkum fyrir útivistarsvæði að degi til. Í skýrslu segir að vindhviður hafi haft áhrif á mælingar. Umhverfisstofnun bendir á að Álatjörn liggur miðsvæðis innan Einkunna og nokkuð sunnar en áætlað svæði fyrir skotæfingar, því má gera ráð fyrir að á svæðinu norðan og austan við Álatjörn verði hávaði meiri en sá sem mældur var.

Mælt hljóðstig við Álatjörn er yfir mörkum eða eins og segir í niðurstöðu hljóðmælingarskýrslunnar:

„*Áætlað hljóðstig við Lækjarkot liggur þó yfir neðri mörkum og má út frá því búast við að hljóðstig frá 5 skotbrautum geti mögulega verið yfir viðmiðunarmörkum fyrir Álatjörn og önnur svæði sem liggja í um 1 km fjarlægð frá fyrirhuguðu skotsvæði. Meta þarf því hvort eitthvað af því svæði sem liggur í nálægð við 1 km jaðarinn frá skotsvæðinu eigi að skilgreinast sem útivistarsvæði samkvæmt sænsku viðmiðunarreglunum og þá sérstaklega hvort eitthvað af þeim svæðum sé ætlað til reiðmennsku þar sem skyndilegir hvellir geta fælt hesta. Reynslan sýnir að erfitt getur verið að ná viðunandi dempun á lágtíðni sem er sá hluti hljóðsins sem berst lengst og hefur mest áhrif á hljóðstigið í 1 til 2 km fjarlægð eins og hér var mælt. Óvíst er hversu mikil skjóláhrif húsa utan um ríffilskotfimi hefur í þessari fjarlægð.*“

Að mati Umhverfisstofnunar er skýrt að skotsvæði svo nálægt Einkunnum mun rýra útivistargildi fólkvangsins og koma í veg fyrir að almenningur fái notið þeirra jarðmyndana og votlendis sem þar er finna eins og til er ætlast í friðlýsingu svæðisins.

Í tillögu að deiliskipulagi sama svæðis kemur fram að ætlunin er að setja hljóðmanir sem eiga að minnka þá hljóðmengun sem verður þegar skotið er af rifflum (riffilbrautir eru áætlaðar 5). Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma fram skýrt mat á hljóðvist innan fólkvangsins miðað við dempun með hljóðmönnum frá riffilskotum. Sýna þarf fram á að hljóðvist innan Einkunna verði á bilinu >60 – 65 dB, þrátt fyrir skotæfingar.


Dýralíf


Umhverfisstofnun bendir á að skv. auglýsingu um fólkvang í Einkunnum dags. 19. maí 2006 er óheimilt að trufla dýralíf í fólkvanginum, en að mati Umhverfisstofnunar er mögulegt að hávaði frá áætluðu skotæfingum mun hafa þá hljóðmengun í för með sér að það muni trufla dýralíf innan Einkunna.

Niðurstaða

Ofangreind tillaga gerir ráð fyrir skotæfingasvæði í nágrenni fólkvangsins Einkunna sem friðlýstur var að tillögu bæjarstjórnar Borgarbyggðar árið 2006. Samkvæmt hljóðmælingum og miðað við sænskar viðmiðunarreglur kemur hljóðmengun/hávaði frá skotæfingum til með að verða of mikill innan fólkvangsins Einkunna. Í umsögn Umhverfisstofnunar um lýsingu ofangreindrar tillögu varaði stofnunin við að hávaði gæti orðið of mikill innan fólkvangsins og hvatti til þess að skotæfingum væri fundinn staður fjar Einkunnum en kom fram í lýsingu. Skotæfingasvæði er enn áætlað með vesturmörk í 150 m fjarlægð frá austurmörkum fólkvangsins. Í deiliskipulagstillögu sama svæðis kemur fram að hljóðmanir muni dempa hávaða frá skotæfingum. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma fram með skýrari hætti og stutt með mælingum hvort hljóðstig náist í >60 – 65 dB. Ef það tekst ekki telur Umhverfisstofnun áætlaða staðsetningu óásættanlega og telur að hávaði frá skotæfingasvæði muni rýra útivistargildi fólkvangsins. Umhverfisstofnun leggst gegn staðsetningu skotæfingasvæðis svo nærri friðlýstu svæði fólkvangs ef hljóðstig er óásættanlegt.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur